

Sent til heilbrigðisstofnana, heimilislækna í Reykjavík,
sviðsstjóra og hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsa, lyfjabúra sjúkrahúsa,
læknastofa, stofnana fyrir aldraða og Lyfjastofnunar Íslands.

Reykjavík, 9. september 2014
1401085/0.5.2.3/ÞG/jjh

Dreifibréf Embættis landlæknis Nr. 3/2014 Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: Bólusetning gegn influensu

1. Þrígild bóluefni gegn influensu A og B hafa nú verið framleidd fyrir veturinn 2014-2015 samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þau innihalda eftirtalda stofna:

- A/California/7/2009 (H1N1)-like virus*;
 - A/Texas/50/2012 (H3N2)-like virus;
 - B/Massachusetts/02/2012.
- *svínainfluensuveira frá 2009

Frá árinu 2007 hefur sóttvarnalæknir samkvæmt útboði, tryggt kaup á 60.000 skömmtum af árlegu influensubóluefni. Á þessu ári verða keyptir 60.000 skammtar af Vaxigrip® eins og undanfarin ár og verður bóluefnið tilbúið til afhendingar um miðjan september 2014.

Heilbrigðisstofnanir og læknar geta pantað bóluefni úr ofangreindum birgðum hjá Icepharma í gegnum Parlogis sem annast dreifingu þeirra. Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Parlogis ehf., (þ.m.t. í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Álftanesi og Seltjarnarnesi) og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöðvar til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefnið hjá Parlogis þurfa að greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna skv. samningi sóttvarnalæknis við Icepharma og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi þess mánaðar sem bóluefnið er keypt.

Innkaupsverð í september 2014 er 653 kr. m. vsk.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Þungaðar konur.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði.

Sóttvarnalæknir endurgreiðir **innkaupsverð** bóluefnisins fyrir þessa forgangshópa, ekki umsýslukostnað, en þá þarf að senda reikning til Embættis landlæknis og á honum þarf að koma fram:

- Númer reiknings, nafn stofnunar, fjöldi skammta og einingarverð bóluefnis.
- Rafrænt fylgiskjal (excel) þarf að senda samhliða reikningi til sóttvarnalæknis með: Kennitölum hinna bólusetta, dagsetningu bólusetninga, nafni bóluefnis og hvaða áhættuhópi einstaklingarnir tilheyra.

Rétt er að áréttta að bólusetning gegn árlegri influensu verndar gegn influensu A(H1N1)v (svínainfluensu).

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir aðstoðarmaður sóttvarnalæknis (juliana@landlaeknir.is) s. 510-1900.

Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó influensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1-2 vikur að mynda verndandi mótefni eftir bólusetningu.

Sóttvarnalæknir

Afrit: Velferðarráðuneytið, Læknablaðið og Tímarit hjúkrunarfræðinga.